

LÖG UFA

1. grein

Félagið heitir Ungmennafélag Akureyrar, skammstafað UFA. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

2. grein

Tilgangur félagsins er:

að efla íþróttastarfsemi á Akureyri með aðaláherslu á iðkun frjálsra íþróttta, auk þríþrautar.

að stuðla að þroskandi félagsstarfi.

að vinna að heilbrigðu líferni og gegn hvers konar notkun vímuefna.

3. grein

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Þá skal kjósa 5 menn í stjórn og **allt að 2** menn í varastjórn sem sitja fundi. Stjórnin velur sér formann en skiptir að öðru leyti með sér verkum. Endurkjör er heimilt

4. grein

Aðalfund skal boða með minnst 5 daga fyrirvara á heimasíðu UFA og víðar ef þurfa þykir. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Þá getur stjórn félagsins boðað til almenns félagsfundar ef þurfa þykir. Einnig er stjórninni skylt að boða til almenns félagsfundar ef 15 félagar eða fleiri æskja þess og skulu þessir fundir boðaðir með minnst 5 daga fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur liðins árs
3. Fjárhagsáætlun komandi árs
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun um árgjöld félagsmanna
6. Kosning stjórnar
7. Kosning skoðunarmanna reikninga
8. Viðurkenningar til iðkenda
9. Önnur mál

5. Grein

Árgjöld félagsmanna skal ákveða á aðalfundi. Reikningsár er frá áramótum til næstu áramóta.

6. grein

Félagar geta allir orðið ef meirihluti stjórnar samþykkir umsókn þeirra. Vísu má beiðni um inntöku til endanlegrar ákvörðunar almenns félagsfundar. Lökendur sem keppa fyrir UFA verða sjálfkrafa félagar.

Allir sem æfa hjá UFA gerast sjálfkrafa félagar. Aðrir sem vilja gerast félagar sækja um það til stjórnar og hljóta sjálfkrafa inngöngu. Börn yngri en 12 ára hafa ekki atkvæðisrétt en hafa heimild til fundarsetu.

7. grein

Stjórn félagsins sér um allar framkvæmdir þess og skal hún leggja fram fjárhagsáætlun til umræðu og samþykktar á aðalfundi og ber gjaldkera að haga greiðslum sínum sem mest eftir henni.

8. grein

Heimilt er að starfrækja deildir innan félagsins. Nýjar deildir skal stofna á aðalfundi félagsins. Deildir hafa sjálfstæðan fjárhag og er heimilt að hafa eigin kennitölu en skila ársskýrslu og ársreikningi fyrir sitt starf til stjórnar félagsins a.m.k. viku fyrir aðalfund. Deildum er ekki heimilt að skuldbinda eða skuldsetja sig umfram eignir deildarinnar án þess að fyrir liggi samþykkt meirihluta stjórnar UFA í fundargerð. Sé engin starfsemi innan deildar og hún skilar ekki ársskýrslu og ársreikningi tvö ár í röð telst hún vera lögð niður.

9. grein

Félögum er skylt að hlýða lögum félagsins og annast þau störf í þágu félagsins sem félagsfundur eða stjórn félagsins felur þeim.

10. grein

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna til stjórnar.

11. grein

Hagnaði/rekstrarafgangi af starfsemi félagsins skal varið til að efla starfsemi félagsins á næsta rekstrarári.

12. grein.

Hætti félagið starfsemi eða verði slitið með samþykkt $\frac{2}{3}$ hluta fundarmanna á aðalfundi ber að afhenda ÍBA allar eigur þess og gögn til varðveislu. Koma þarf fram í fundarboði aðalfundar að fjalla eigi um slit á félaginu. Verði félagið ekki endurreist innan tíu ára falla eignir þess, án skuldbindinga, undir ÍBA.

13. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætum aðalfundi og þurfa tillögur um lagabreytingar að berast til stjórnar félagsins með minnst 14 daga fyrirvara. Tillögur að lagabreytingum skal kynna á heimasíðu UFA að lágmarki 5 dögum fyrir boðaðan aðalfund. Samþykki 2/3 hluta fundarmanna þarf til að lagabreytingar öðlist gildi.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Dags 1. mars 2023